28. nóvember 2018

# Hagnaður Festi 871 milljón króna á 3. ársfjórðungi 2018

## Helstu niðurstöður

- Rekstur félaga í samstæðu dótturfélagsins Hlekks var tekinn inn í samstæðu Festi frá og með 1. september og skýrir að mestu hækkanir á tekjum og gjöldum á 3F 2018 í samanburði við 3F 2017
- Framlegð félaga í samstæðu Hlekks var 757 m.kr., EBITDA 250 m.kr. og hagnaður 104 m.kr.
- EBITDA Festi að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk nam 1.784 m.kr. á 3F 2018 samanborið við 1.461 m.kr. á 3F 2017
- Framlegð af vörusölu jókst um 28,7% á 3F 2018 sem skýrist að mestu af nýjum félögum í samstæðu frá 1. september en hækkun á olíuverði og veiking ISK gagnvart USD hafði einnig jákvæð áhrif á 3F 2018
- Eigið fé var 25.512 m.kr. og eiginfjárhlutfall 31,8% í lok 3F 2018

| Milljónir króna | 3F 2018 | 3F 2017 | Breyt. | % Breyt. | 9M 2018 | 9M 2017 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 4.501 | 3.497 | 1.004 | 28,7% | 10.028 | 8.598 | 1.430 | 16,6% |
| Leigutekjur fasteigna og aðrar rekstrartekjur | 177 | 93 | 84 | 90,8% | 406 | 294 | 112 | 38,0% |
| EBITDA | 1.621 | 1.409 | 212 | 15,0% | 3.099 | 2.699 | 400 | 14,8% |
| EBIT | 1.324 | 1.161 | 163 | 14,0% | 2.299 | 1.965 | 334 | 17,0% |
| EBT | 1.063 | 1.183 | -120 | -10,2% | 1.953 | 1.978 | -25 | -1,3% |
| Hagnaður tímbilsins | 871 | 963 | -92 | -9,5% | 1.619 | 1.629 | -10 | -0,6% |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | | |
| Birgðir | | | | | 7.278 | 3.146 | 4.132 | 131,4% |
| Viðskiptakröfur | | | | | 4.266 | 3.261 | 1.004 | 30,8% |
| Vaxtaberandi skuldir | | | | | 37.891 | 8.000 | 29.891 | 373,6% |
| Handbært fé | | | | | 6.314 | 3.083 | 3.230 | 104,8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | | | | | 31.734 | 4.952 | 26.782 | 540,9% |
| **Sjóðstreymi** | | | | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 3.629 | 1.031 | 2.598 | 252,0% | 4.599 | 2.260 | 2.339 | 103,5% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -12.740 | -1.778 | -10.962 | 616,5% | -13.015 | -1.951 | -11.064 | 567,0% |
| Fjármögnunarhreyfingar | 12.099 | 1.417 | 10.682 | 754,1% | 11.909 | 475 | 11.434 | 2405,3% |
| Handbært fé í lok tímabils | 6.314 | 3.083 | 3.230 | 104,8% | 6.314 | 3.083 | 3.230 | 104,8% |
| **Lykiltölur** | | | | | | | | |
| EBITDA/framlegð | 36,0% | 40,3% | -4,3% | -10,6% | 30,9% | 31,4% | -0,5% | -1,5% |
| Eiginfjárhlutfall | | | | | 31,8% | 46,4% | -14,6% | -31,5% |
| Laun/framlegð | 35,4% | 31,7% | 3,7% | 11,6% | 39,1% | 39,0% | 0,1% | 0,4% |
| Hagnaður á hlut | 3,16 | 3,85 | -0,69 | -17,9% | 6,26 | 6,52 | -0,26 | -4,0% |
| Arðsemi eigin fjár | | | | | 12,7% | 17,2% | -4,5% | -26,2% |
| Fjárfestingar | -455 | -1.781 | 1.327 | 74,5% | -928 | -2.182 | 1.255 | -57,5% |
| Veltuhraði birgða | 9,19 | 8,99 | 0,20 | 2,2% | 8,08 | 7,67 | 0,41 | 5,3% |

## Rekstur þriðja ársfjórðungs

| Milljónir króna | 3F 2018 | 3F 2017 | Breyt. | % Breyt. | 9M 2018 | 9M 2017 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 4.501 | 3.497 | 1.004 | 28,7% | 10.028 | 8.598 | 1.430 | 16,6% |
| Leigutekjur fasteigna og aðrar rekstrartekjur | 177 | 93 | 84 | 90,8% | 406 | 294 | 112 | 38,0% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | -1.593 | -1.109 | 484 | 43,6% | -3.925 | -3.353 | 572 | 17,0% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -849 | -676 | 173 | 25,6% | -1.897 | -1.756 | 141 | 8,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | -614 | -395 | 219 | 55,4% | -1.513 | -1.085 | 429 | 39,5% |
| EBITDA | 1.621 | 1.409 | 212 | 15,0% | 3.099 | 2.699 | 400 | 14,8% |
| EBITDA N1* | 1.533 | 1.461 | 72 | 4,9% | 3.328 | 2.761 | 567 | 20,5% |

*EBITDA að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk ehf.

EBITDA á 3F 2018 var 1.621 m.kr. samanborið við 1.409 m.kr. á 3F 2017 en kostnaður við kaup á Hlekk var 162 m.kr. á 3F 2018 og 52 m.kr. á 3F 2017. EBITDA Festi að undanskilinni afkomu dótturfélagsins Hlekks og undanskildum kostnaði við kaup á sama félagi var 1.533 m.kr. á 3F 2018 samanborið við 1.461 m.kr. á 3F 2017 og eru helstu ástæður aukningar hagstæð þróun á gengi ISK gagnvart USD og góður gangur í bílaþjónustu.

## Tekjur á þriðja ársfjórðungi

| Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í milljónum króna | 3F 2018 | 3F 2017 | Breyt. | % Breyt. | 9M 2018 | 9M 2017 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selt magn - bensín | 16.633 | 17.767 | -1.134 | -6,4% | 41.156 | 46.349 | -5.193 | -11,2% |
| Selt magn - gasolía | 31.895 | 31.033 | 862 | 2,8% | 78.507 | 76.685 | 1.822 | 2,4% |
| Selt magn - heild án JET | 68.709 | 78.101 | -9.392 | -12,0% | 165.710 | 178.655 | -12.946 | -7,2% |
| Velta annarra vara | 6.761 | 3.094 | 3.667 | 118,5% | 12.091 | 8.266 | 3.825 | 46,3% |
| Framlegð eldsneytis | 2.247 | 2.076 | 172 | 8,3% | 5.333 | 4.746 | 588 | 12,4% |
| Framlegð annarra vara | 2.254 | 1.422 | 832 | 58,5% | 4.695 | 3.853 | 842 | 21,9% |

Selt magn án JET minnkaði um 12,0% á 3F 2018 samanborið við 3F 2017 sem skýrist af minni sölu til erlendra aðila. Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 0,6% á milli 3F 2018 og 3F 2017. Breytt sölusamsetning í eldsneyti skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 3F 2018 er hærri en á 3F 2017 ásamt veikingu á ISK gagnvart USD. Velta annarra vara jókst um 118,5% á 3F 2018 samanborið við 3F 2017 en velta félaga í samstæðu Hlekks var 3.583 m.kr. í september 2018.

## Rekstrarkostnaður á þriðja ársfjórðungi

| Milljónir króna | 3F 2018 | 3F 2017 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| Launa- og starfsmannakostnaður | -1.593 | -1.109 | 484 | 43,6% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -849 | -676 | 173 | 25,6% |
| Annar rekstrarkostnaður | -614 | -395 | 219 | 55,4% |

Eins og fram kom að ofan var rekstur samstæðu Hlekks tekinn inn í samstæðu Festi frá og með 1. september og skýrir það að mestu kostnaðarhækkanir á 3F 2018 miðað við 3F 2017. Kostnaður við kaup á Hlekk nam 162 m.kr. á 3F 2018 samanborið við 52 m.kr. á 3F 2017.

## Fjármagnsliðir

| Milljónir króna | 3F 2018 | 3F 2017 | Breyting | % Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 29 | 17 | 13 | 78,2% |
| Fjármagnsgjöld | -412 | -98 | 314 | 321,3% |
| Gengismunur | 20 | 20 | -1 | -3,0% |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 116 | 83 | 33 | 39,8% |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | -13 | 1 | -14 | -2038,0% |
| Samtals | -261 | 22 | -283 | -1271,9% |

Fjármagnsgjöld hækka á 3F 2018 miðað við 3F 2017 vegna hærri langtímalána til kaupa á Hlekk. Afkoma hlutdeildarfélaga var betri á 3F 2018 en á 3F 2017.

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

| Milljónir króna | 9M 2018 | 9M 2017 | Breyting | % Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptavild | 13.919 | 0 | 13.919 | |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4.735 | 222 | 4.513 | |
| Rekstrafjármunir | 32.251 | 16.940 | 15.311 | 90,4% |
| Fjárfestingafasteignir | 8.739 | 0 | 8.739 | |
| Birgðir | 7.278 | 3.146 | 4.132 | 131,4% |
| Viðskiptakröfur | 4.266 | 3.261 | 1.004 | 30,8% |
| Handbært fé | 6.314 | 3.083 | 3.230 | 104,8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 31.734 | 4.952 | 26.782 | 540,9% |
| Eiginfjárhlutfall | 31,8% | 46,4% | -14,6% | -31,5% |
| Veltuhraði birgða | 8,08 | 7,67 | 0,41 | 5,3% |

Eignir og skuldir hækka vegna kaupa Festi á samstæðu Hlekks. Fjármögnun kaupanna var annars vegar með lántöku og hins vegar með útgáfu nýrra hluta í Festi, auk þess sem félagið notaði handbært fé til greiðslu hluta kaupverðsins. Festi gaf út 79.573.913 hluti sem afhentir vorum fyrrum hluthöfum dótturfélagsins. Kaupverðsútdeilingu er lokið, en þó með þeim fyrirvara að ef nýjar upplýsingar um stöðu eigna og / eða skulda á yfirtökudegi koma fram innan eins árs frá yfirtöku getur kaupverðsútdeiling breyst. Viðskiptavild var 13.919 m.kr., aðrar óefnislegar eignir 4.735 m.kr., rekstrafjármunir 32.251 m.kr. og fjárfestingaeignir 8.739 í lok 3F 2018. Nettó vaxtaberandi skuldir voru 31.734 m.kr. og eiginfjárhlutfall 31.8% í lok tímabilsins. Stjórn Festi mun leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður vegna afkomu ársins 2018 sem styður við þá fjármagnsskipan sem félagið stefnir að.

## Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2018

- Áhrif af fjölgun ferðamanna eru minni en gert var ráð fyrir í upphafi ársins
- Innlendar kostnaðarhækkanir munu hafa áhrif á reksturinn þrátt fyrir lága verðbólgu sem gerir fyrirtækjum á samkeppnismörkuðum eins og þeim sem félagið starfar á erfitt fyrir
- Órói á olíumörkuðum og gengi ISK getur valdið sveiflum á framlegð og fjárbindingu

EBITDA spá fyrir árið 2018 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 3.800 – 4.000 m.kr. að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk. Ekki er tekið tillit til afkomu Hlekks í ofangreindri EBITDA spá Festi fyrir árið 2018.

Sú spá byggir á því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 123. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

Rekstraráætlun Hlekks eftir yfirtökudag, þann 1. september, til ársloka 2018 gerir ráð fyrir að heildarvelta verði um 15.100 m.kr. og að EBITDA verði um 1.270 m.kr.

**Hluthafar**

- Markaðsvirði félagsins í lok september 2018 nam 38,9 milljörðum króna
- Eignir Dælunnar og verslun Kjarvals á Hellu eru í opnu söluferli, sem stefnt er að því ljúki á Q1 2019

**Kynningarfundur fimmtudaginn 29. nóvember 2018**

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 29 nóvember 2018 í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: http://festi.is/fjarfestar/fjarhagsupplysingar/ og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

**Fjárhagsdagatal**

- Ársuppgjör 2018: 27. febrúar 2019
- Aðalfundur 2019: 21. mars 2019

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@festi.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (petur@festi.is).